

Erindisbréf öldungaráðs Kópavogs

Athugasemd [SF1]: @Jón Kristján Rognvaldsson - skrifstofustjóri Sæll. Varstu búinn að yfirfara þessi drög með ráðinu?

I. Kafi

Skipan og umboð.

1. gr. Málaflokkar.

Öldungaráð Kópavogs er kosið af bæjarstjórn Kópavogsbæjar, á fyrsta eða öðrum fundi, að afloknum sveitarstjórnarkosningum og starfar á grundvelli 2. mgr. 38. gr., sbr. 8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga með það að markmiði að bæta þjónustu við aldraða í Kópavogi.

2. gr. Ráðsfulltrúar.

Öldungaráð er skipað sjö fulltrúum og jafn mörgum til vara. Þrír fulltrúar og þrír til vara skulu kosnir af bæjarstjórn, þrír fulltrúar og þrír til vara skulu tilnefndir af félagi eldri borgara og einn fulltrúi og einn til vara skal tilnefndur af heilsugæslunni.

Ráðið skal kosið til fjögurra ára í senn. Bæjarstjórn kýs formann en ráðið kýs sér varaformann. Ráðsfulltrúar hafa málfrelsi á fundum ráðsins auk tillöguréttar og atkvæðisréttar.

Fulltrúar og varafulltrúar þurfa ekki að vera félagsbundnin í félagi eldri borgara en þau skulu öll hafa lögheimili og búsetu í Kópavogi.

Í ráðinu sitja ekki áheyrnarfulltrúar.

II. Kafi

Fundir og starfshættir.

3. gr. Hlutverk starfsfólks Kópavogsbæjar.

Starfsmaður frá velferðarsviði Kópavogsbæjar skal undirbúa og boða fundi ráðsins í samráði við formann. Starfsmaðurinn hefur seturétt á fundum ráðsins og þar hefur hann málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Starfsmaður ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum ráðsins, sem staðfest hafa verið af bæjarráði, sé hrint í framkvæmd.

4. gr. Fjöldi funda.

Fjöldi funda ráðsins er ákvarðaður við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Á fyrsta eða öðrum fundi að loknum kosningum og árlega eftir það skal formaður leggja fram funda- og starfsáætlun til samþykktar.

Gert er ráð fyrir að velferðarráð eigi fund með öldungaráði árlega og að velferðarsvið tryggi ráðsmönnum stuðning og þjálfun til virkrar þátttöku í ráðinu.

5. gr. Boðun og dagskrá.

Fundur telst löglega boðaður hafi allir ráðsfulltrúar verið boðaðir með að minnsta kosti eins sólarhrings fyrirvara. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundarins og nauðsynleg fundargögn.

Í dagskrá skal tilgreint við hvern dagskrárlið hvort mál sé lagt fram til kynningar, umræðu eða ákvörðunar. Í tillögurétti felst réttur til þess að óska eftir að málefni verði tekið á dagskrá fundar. Ef enginn ráðsfulltrúi andmælir því að fundarstjóri stýri fundi á grundvelli útsendrar dagskrártillögu telst hún þegjandi samþykkt sem dagskrá fundarins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá enda samþykki 2/3 viðstaddra ráðsfulltrúa þau afbrigði. Þó er skylt að fresta ákvörðun í slíku máli ef einhver ráðsfulltrúi óskar þess.

6. gr. *Fundarsókn.*

Ráðsfulltrúi er skylt að sækja alla fundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem veikindi. Geti ráðsfulltrúi ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað og tilkynna það formanni og starfsmanni ráðsins.

Ráðsfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og meira en helmingur ráðsfulltrúa er mættur á fundinn. Ráðið getur enga bindandi ákvörðun tekið nema fundur sé lögmætur.

7. gr. *Fundarsköp og málsmeðferð.*

Um fundarsköp og málsmeðferð í ráðinu fer eftir því sem við á samkvæmt viðauka II. Við samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar (bæjarmálasamþykkt) að því leyti sem ekki er á annan veg mælt fyrir um í erindisbréfi þessu.

Formaður ráðsins stýrir fundum ráðsins og varaformaður í hans forföllum. Ef formaður og varaformaður eru forfallaðir felur formaður öðrum ráðsmanni að stýra fundi.

Fundir ráðsins skulu jafnan haldnir fyrir luktum dyrum. Ráðið getur boðað starfsfólk bæjarins á sinn fund og aðra til upplýsingagjafar undir umræðu um einstaka mál. Starfsfólk og gestir skulu víkja af fundi að upplýsingagjöf lokinni.

Ráðið getur aðeins tekið ákvarðanir á lögmætum fundum.

Ráðið skal á fundum sínum hvort sem er taka fyrir þau erindi sem berast eða taka fyrir mál að eigin frumkvæði. Ráðið skal fjalla um mál og gera tillögur um afgreiðslu þeirra til velferðarráðs eða eftir atvikum til bæjarráðs. Á fundum er mál afgreitt með því að samþykkja það eða hafna, vísa því frá eða vísa því til staðfestingar velferðarráðs eða bæjarráðs. Skal niðurstaða máls ráðast af einföldum meirihluta atkvæða.

Ráðinu er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

Ráðsfulltrúar eiga rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í ráðinu. Bókun felur einungis í sér afstöðu viðkomandi til máls en ekki beiðni um vinnuframlag eða ákvörðun í máli.

Ráðið skal við undirbúning mála gæta að vönduðum stjórnsýsluháttum og að farið sé að stjórnsýslulögum og gildandi verklagsreglum.

8. gr. *Ritun fundargerða.*

Um ritun fundargerðar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. II. viðauka bæjarmálasamþykktar.

9. gr.

Fundargerðir ráðsins skulu teknar á dagskrá velferðarráðs, bæjarráðs og bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar ber að taka þær sérstaklega fyrir á fundum velferðarráðs, bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar enda sé í fundargerð ráðsins skilmerkilega gerð grein fyrir því með tillögu þar að lútandi.

III. Kafi

Hlutverk og markmið.

10. gr.

Hlutverk og verkefni.

Hlutverk og verkefni ráðsins eru m.a. að:

1. Fjalla um þjónustu við aldraða, framkvæmd hennar og þróun hjá sveitarfélaginu í samráði við hagsmunasamtök og eldri borgara.
2. Fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraða í Kópavogi og gera tillögur til bæjarstjórnar um öldrunarþjónustu.
3. Vera vettvangur samráðs og samstarfs við bæjarstjórn og fastenefndir Kópavogsbæjar um hagsmuni aldraða.
4. Vera ráðgefandi um áætlanagerð og stefnumörkun í málefnum aldraða í Kópavogi.
5. Leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og stuðla að kynningu á þeim kostum sem í boði eru.
6. Leggja fram skýrslu um starfsemi sína árlega.
7. Veita umsagnir, tillögur og ályktanir á málaefnasviði ráðsins.
8. Sinna öðrum verkefnum sem velferðarráð, bæjarráð eða bæjarstjórn felur ráðinu.
9. Starfa samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun bæjarstjórnar.

11. gr.

Heimild til fullnaðarafgreiðslu.

Ráðið hefur ekki heimild til fullnaðarafgreiðslu mála. Ályktanir ráðsins teljast tillögur til bæjarráðs eða eftir atvikum til bæjarstjórnar.

IV. Kafi

Hæfi og skyldur.

12. gr.

Ráðið skal við allar ákvarðanir hafa heildarhagsmuni allra aldraða íbúa í Kópavogi að leiðarljósi. Ráðsfulltrúum ber ávallt að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum.

Ráðsfulltrúar sem sitja í stjórnnum í einkareknum eða opinberum félögum, sem gætu átt hagsmuna að gæta vegna beinna eða óbeinna viðskipta við bæjarfélagið, skulu upplýsa um það. Að öðru leyti vísast til siðareglna kjörinna bæjarfulltrúa hjá Kópavogsbæ sem skulu gilda um ráðsfulltrúa.

Ráðsfulltrúi er vanhæfur til allrar þátttöku í meðferð máls sem varðar viðkomandi sjálfan eða náið skyldmenni og skal í slíkum tilvikum víkja af fundi áður en mál er tekið til umræðu. Um hæfi ráðsfulltrúa og starfsfólks ráðsins vísast til 17. gr. bæjarmálasamþykktar.

Ráðsfulltrúar skulu gæta trúnaðar um það sem þau verða áskynja í starfi ráðsins og leynt skal fara með samkvæmt X. kafla stjórnsýslulaga eða eðli máls. Þagnarskylda helst þó látið sé af þessum störfum. Ráðið skal óska eftir því að gestir gæti trúnaðar eftir eðli máls hverju sinni.

13. gr.
Starfsmannamál.

Ráðið hefur hvorki boðvald yfir starfsfólki stofnana né starfsfólki bæjarskrifstofu. Ráðsfulltrúar koma ekki að ráðningu starfsfólks.

Rekstur stofnana og starfsmannamál eru á ábyrgð stjórnenda. Forstöðumenn stofnana eru ábyrgir fyrir rekstri, fjárhag og starfsemi sinnar stofnunar og ábyrgir gagnvart sínum næsta yfirmanni.

V. Kafi

Gildistaka

14. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 1691/2024.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs þann xxx. xxx 2026 og tekur gildi frá þeim degi.